

Nd.

125. Frumvarp til laga

[99. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 frá 1950.

Flm.: Hjörtur E. Þórarinnsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta og ferðakostnaður þeirra greiðist að  $\frac{2}{3}$  hlutum úr ríkissjóði, en  $\frac{1}{3}$  hluta af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi):  
Framlag 75% kostnaðar.

II. Jarðrækt:

- a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar.
- b. Túnrækt á söndum.
- c. Túnrækt á vallendi, móum og melum.
- d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.
- e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.
- f. Grjótnám.

Framlag 25% kostnaðar.

III. Girðingar um ræktunarlönd:

- a. Sex strengja gaddavirsgirðing.
- b. Fimm strengja gaddavirsgirðing.
- c. Þriggja strengja gaddavirsgirðing á skurðbakka.
- d. Virnetsgirðing með einum gaddavírsstreng.

Framlag 25% kostnaðar.

IV. Þurrheyslöður úr varanlegu efni:

Framlag 15% kostnaðar.

V. Votheyshlöður úr varanlegu efni:

Framlag 25% kostnaðar.

VI. Áburðargeymslur:

- a. Safnþrær.
- b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.

Framlag 25% kostnaðar.

VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara:

Framlag 40% kostnaðar.

VIII. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni:

Framlag 15% kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hvorrar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldar í grein þessari.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Um fjörutíu ára skeið hafa hér á landi verið í gildi lög um stofnframlög ríkisins til jarðræktar og fleiri framkvæmda í sveitum. Framlög þessi hafa verið talin sjálf-sögð þátttaka þjóðarheildarinnar í kostnaði við það landnám, sem hér hefur átt sér stað á þessu tímabili.

Svipaðar reglur hafa gilt og gilda enn hjá grannþjóðum vorum um opinberan stuðning við landbúnað, þó að um eiginlegt landnám eða útfærslu hins ræktaða lands sé þar yfirleitt ekki að ræða. Almennt er litið svo á, að stofnframlög ríkis til landbúnaðar geri hvort tveggja í senn að örva til framkvæmda og framleiðslu búvöru og geri jafnframt kleift að halda verðlagi hennar lægra en ella og borgi sig þannig riflega fyrir þjóðarheildina, þegar til lengdar lætur.

Gildandi lagaákvæði um ríkisframlög til jarðræktar og húsabóta í sveitum eru úrelt orðin. Í þeim er gert ráð fyrir, að framlagið sé ákveðin upphæð í krónutölu á hverja framkvæmdaeiningu að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu. En þar sem vísitala hefur ekki hin síðari ár verið látin verka á peningagreiðslur, þá hefur síhækkandi ræktunar- og byggingarkostnaður valdið því, að ríkisframlagið hefur farið hlutfallslega lækkandi ár frá ári. Þannig hefur t. d. framlag til ræktunar eins ha mýrlendis á býli, sem hefur meira en 10 ha tún, lækkað úr rúml. fimmta hluta kostnaðar (20.20%) 1956 niður í tæplega tíunda hluta kostnaðar (9.95%) 1962, samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands.

Í frumvarpi þessu eru gerðar nokkrar breytingar á gildandi lögum.

Á I. kafla er gerð sú breyting, að ríkissjóði er ætlað að greiða  $\frac{2}{3}$  hluta launa héraðsráðunauta í stað  $\frac{1}{2}$  nú, en auk þess er það nýmæli, að ríkissjóður greiði einnig  $\frac{2}{3}$  ferðakostnaðar ráðunauta, sem búnaðarsamböndin greiða nú ein. Er þetta ákvæði í samræmi við eindregnar óskir búnaðarsambandanna, sem flest hver hafa mjög takmörkuð fjárráð.

Á II. kafla er gerð sú meginbreyting, að í frumvarpinu er ríkisframlag til jarða- og húsabóta bundið við ákveðið hlutfall af áætluðum framkvæmdakostnaði, sem metinn sé árlega af trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands, og Teiknistofu landbúnaðarins. Er það gert til að fyrirbyggja, að sagan endurtaki sig og aukning verðbólgu rýri enn ríkisframlagið hlutfallslega. Þá eru framlögin hækkuð verulega frá því, sem nú er, og verða samkvæmt frumvarpinu hlutfallslega nokkru hærri en ákveðið var, þegar gildandi lög voru sett. Er hækkunin mest á fóðurgeymslum þeim, sem reynslan hefur sýnt, að bezt tryggja fulla nýtingu grass í óhagstæðu tíðarfari, en gras er undirstaða landbúnaðar á Íslandi.